



ÚRSKURÐARNEFND
VELFERÐARMÁLA

ÁRSSKÝRSLA
2019

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

Sími: 551-8200

postur@urvel.is www.urvel.is

Umsjón og ritstjórn: Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi

Ársskýrsla úrskurðarnefndarinnar er prentuð á umhverfisvottaðan pappír

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála	5
Fjöldi mála 2019	6
Málaflokkar	7
a) Almannatryggingar	7
b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	9
c) Barnavernd.....	9
d) Félagsþjónusta og húsnæðismál	10
e) Fæðingar- og foreldraorlof	12
f) Greiðsluaðlögun.....	13
Málsmeðferðartími	14
Ýmsar upplýsingar	15
a) Fjármál.....	15
b) Umboðsmaður Alþingis.....	15
c) Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar	16
1. Afgreiðsla heildarfjölda mála	16
2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum.....	17

Ávarp formanns

Á árinu 2019 fjölgaði kærur á milli ára til úrskurðarnefndarinnar um rúmlega hundrað. Á árinu 2018 voru kærur samtals 454, en á árinu 2019 bárust 559 kærur. Fjöldi kæra er iðulega sveiflukenndur á milli ára, stundum er munurinn óverulegur, en hann getur þó verið mjög mikill frá ári til árs í sumum tilvikum. Oftast stjórnast fjöldi kæra af því hvernig staðan er í þjóðfélaginu. Eins og gefur að skilja fjölgar kærur, til dæmis í málum er varða atvinnuleysistryggingar þegar atvinnuleysi eykst í landinu og fleiri sækja um slíkar greiðslur, en er synjað af einhverjum ástæðum. Þegar illa árar í þjóðfélaginu er staðan þannig að kærur fjölgar í flestum málaflokkum sem úrskurðarnefndin hefur til meðferðar þar sem meira álag er á velferðarkerfið.

Hjá úrskurðarnefndinni er stöðugt verið að leita leiða til að gera samskipti við þá aðila og stofnanir, sem koma að meðferð mála hjá nefndinni, auðveldari og skjótvirkari, hluti af því er að gera samskiptin að öllu eða flestu leyti rafræn. Á árinu 2019 var enn eitt skrefið tekið í þá átt þar sem svokallaðar „Mínar síður“ voru teknar í notkun á heimasíðu úrskurðarnefndarinnar, urvel.is. Fyrir þann tíma höfðu kærndur haft tök á að kæra rafrænt en frekari samskipti við starfsmenn úrskurðarnefndarinnar eftir að kæra hafði verið send rafrænt fóru fram í gegnum síma, tölvupóst eða með bréfasendingum.

Þegar rafræna leiðin er valin ganga öll samskipti og gagnaöflun með mun skilvirkari hætti en ella sem þýðir að málsmeðferðartíminn verður styttri og þannig má ætla að í flestum tilvikum fái kærandi niðurstöðu í sínu mál fyrr en áður. Framangreind framþróun snýst fyrst og fremst um það að tryggja skilvirkt og öruggt umhverfi við meðferð kæra sem er nauðsynlegt, sérstaklega í ljósi þess að úrskurðarnefndin fær í hendur mjög viðkvæm gögn og persónuupplýsingar til meðferðar.

Til fróðleiks má geta þess að á árinu 2017 var fjöldi rafrænna kæra 21%, á árinu 2018 voru rafrænar kærur 24% og enn frekari aukning var á árinu 2019, en þá var fjöldi rafrænna kæra 47%. Áhugavert er einnig að skoða hvernig skiptingin var á milli kynja hjá aðilum sem kæra til nefndarinnar, en á árinu 2019 var hlutfall á milli kvenna og karla sem kæra þannig að konur voru í meirihluta, eða um 55% kæranda en karlar 45% kæranda.

Þeir málaflokkar sem eru til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni eru fjölbreyttir og bera það með sér að þarfir þeirra hópa sem til úrskurðarnefndarinnar leita geta verið mjög misjafnar. Eitt af mikilvægari hlutverkum úrskurðarnefndarinnar er að skapa umhverfi sem fellur að þörfum mismunandi hópa þannig að allir sem til nefndarinnar leita fái úrlausn sinna mála með fullnægjandi hætti.



Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála

Úrskurðarnefndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum, sbr. 2. málsl. 1. gr. laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála.

Nefndina skipa

Skipaðir í fullt starf:

Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Kári Gunndórsson lögfræðingur

Lára Áslaug Sverrisdóttir lögfræðingur

Rakel Þorsteinsdóttir lögfræðingur

Aðrir nefndarmenn:

Agnar Bragi Bragason lögfræðingur

Arnar Kristinsson lögfræðingur

Eggert Óskarsson lögfræðingur

Eva Dís Pálmadóttir lögfræðingur

Guðfinna Eydal sálfræðingur

Jón Baldursson læknir

Sigríður Ingvarsdóttir lögfræðingur

Þórhildur Líndal lögfræðingur

Varamenn:

Arnar Kormákur Friðriksson lögfræðingur

Ásgerður Ragnarsdóttir lögfræðingur

Ásmundur Helgason lögfræðingur

Björn Jóhannesson lögfræðingur

Hrafnís Tekla Pétursdóttir sálfræðingur

Margrét Gunnlaugsdóttir lögfræðingur


Sigurður Thorlacius læknir

Sóley Ragnarsdóttir lögfræðingur

Fjöldi mála 2019

Á fjórða starfsári úrskurðarnefndar velferðarmála bárust nefndinni samtals 559 kærur sem skiptast á eftirfarandi hátt eftir málaflokkum:

Kærur - málaflokkar	Fjöldi mála
Almannatryggingar	385
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	71
Barnavernd	37
Félagsþjónusta og húsnæðismál	50
Fæðingar- og foreldraorlof	9
Greiðsluaðlögun	7
Samtals:	559





Málaflokkar

Úrskurðarnefnd velferðarmála skal úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana eftir því sem mælt er fyrir um í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 85/2015. Þeir málaflokkar, sem úrskurðarnefndin hefur til meðferðar, koma fram í eftirfarandi sex liðum, meðal annars upplýsingar um skiptingu mála eftir því hvert ágreiningsefnið er. Í þeim kökuritum þar sem verið er að fjalla um niðurstöðu úrskurða, er einungis verið að fjalla um efnislega niðurstöðu þeirra en ekki mál sem hafa verið framsend eða vísað frá.


a) Almennatryggingar

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða kærur vegna ákvæðana Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almennatryggingar, lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almennatrygginga.




* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.

Lög um almannatryggingar
nr. 100/2007*




■ Staðfest ■ Breytt ■ Felld úr gildi

Lög um félagslega aðstoð
nr. 99/2007*




■ Staðfest ■ Breytt ■ Felld úr gildi

Lög um sjúklingatryggingu
nr. 111/2000




■ Staðfest ■ Breytt ■ Felld úr gildi

Lög um sjúkratryggingar
nr. 112/2008



■ Staðfest ■ Felld úr gildi

Lög um slysatryggingar
almannatrygginga nr. 45/2015*




■ Staðfest ■ Breytt ■ Felld úr gildi

* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.

b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar eru kærnanlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála ákvarðanir Vinnumálastofnunar um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kærnanlegar ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir.


Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir:
Niðurstöður úrskurða *



c) Barnavernd

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er hægt að kæra margvíslegar ákvarðanir barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Barnavernd:
Niðurstöður úrskurða **




* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.


** Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfalli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnslulaga.

d) Félagsþjónusta og húsnæðismál

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða ákvarðanir félagsmálanefnda á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvarðanir Íbúðalánasjóðs*, sem teknar eru á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, eru kærnanlegar til nefndarinnar sem og ákvarðanir Íbúðalánasjóðs og sveitarfélaga sem teknar eru á grundvelli laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Jafnframt er unnt að kæra til nefndarinnar ákvarðanir sveitarfélaga um þjónustu sem teknar eru á grundvelli laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, nú lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.




Félagsþjónusta og húsnæðismál: Niðurstöður mála**



* Húsnæðis- og mannvirkjastofnun tók við hlutverki Íbúðalánasjóðs þann 31. desember 2019 við gildistöku laga nr. 137/2019 um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

** Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfalli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnslulaga.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991




■ Staðfest ■ Feld úr gildi

Lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016



■ Staðfest ■ Feld úr gildi

Lög um húsnæðismál nr. 44/1998




■ Staðfest ■ Feld úr gildi

Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992



■ Staðfest ■ Feld úr gildi

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018




■ Staðfest ■ Feld úr gildi ■ Annað


* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfalli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnslulaga.

e) Fæðingar- og foreldraorlof


Samkvæmt lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof er unnt að kæra til nefndarinnar ákvarðanir Fæðingarorlofssjóðs um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kæranlegar ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um réttindi foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sem teknar eru á grundvelli laga nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.




Fæðingar- og foreldraorlofsmál: Niðurstöður mála



Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000




Lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna nr. 22/2006



f) Greiðsluaðlögun

Samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga eru tilteknar ákvarðanir umboðsmanns skuldara og umsjónarmanna með greiðsluaðlögunarumleitunum kæranlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Greiðsluaðlögun: Niðurstöður úrskurða




Málsmeðferðartími

Eitt meginmarkmiða úrskurðarnefndar velferðarmála er að afgreiða kærur innan þeirra tímamarka sem fram koma í lögum nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Í 3. mgr. 7. gr. segir að nefndin skuli kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli. Málsmeðferðartími telst frá þeim tíma er kæra berst nefndinni og þar til úrskurður er kveðinn upp. Málsmeðferðartími allra þeirra mála sem afgreidd voru árið 2019 var að meðaltali 3,46 mánuðir. Árið 2018 var meðaltalið 3,35 mánuðir, árið 2017 var meðaltalið 5,24 mánuðir og árið 2016 var meðaltalið 6,87 mánuðir.

Málsmeðferðartími einstakra málaflokka var eftirfarandi að meðaltali:

Málsmeðferðartími 2016-2019 í mánuðum



Ýmsar upplýsingar

a) Fjármál

Í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál er lögð sérstök áhersla á hugsun til lengri tíma, stöðugleika í fjármálum og betri reikningsskil. Þegar fjármál hins opinbera eru annars vegar er markmiðið ávallt að sérhver stofnun sé með gegnsætt bókhald og haldi sig innan þeirra fjárheimilda sem heimilaðar eru í upphafi.

Fjárveitingar til úrskurðarnefndar velferðarmála vegna ársins 2019 voru 199.800.000 krónur. Sértekjur og aðrar tekjur nefndarinnar voru alls 22.177.677 krónur. Alls voru því til ráðstöfunar á árinu 221.977.677 krónur. Rekstrarkostnaður úrskurðarnefndarinnar vegna ársins 2019 nam 192.224.286 krónum. Rekstrarafgangur var því 29.753.391 krónur.

b) Umboðsmaður Alþingis

Á árinu 2019 bárust úrskurðarnefndinni 14 erindi frá umboðsmanni Alþingis vegna kvartana frá kærendum eftir að úrskurðarnefnd velferðarmála hafði úrskurðað í umræddum málum. Meirihluti málanna vörðuðu almannatryggingar eða samtals átta mál, fjögur mál vörðuðu félagsþjónustu og húsnæðismál, eitt mál varðaði atvinnuleysistryggingar og eitt varðaði barnavernd. Í lok árs var átta málum ólokið.

Af þeim sex málum sem er lokið, lauk þremur þeirra án aðgerða, einu máli lauk með ábendingu til úrskurðarnefndarinnar og tveimur málum lauk með ákvörðun úrskurðarnefndarinnar um að taka málin aftur upp að eigin frumkvæði.

Á árinu 2019 veitti umboðsmaður Alþingis einnig álit í þremur málum frá árinu 2018. Tvö málanna vörðuðu félagsþjónustu og eitt mál varðaði almannatryggingar. Einu þessara mála lauk án frekari aðgerða, einu máli lauk með ábendingu til félags- og barnamálaráðherra og Tryggingastofnunar ríkisins og einu máli lauk með ábendingu til úrskurðarnefndarinnar.

Málaflokkar

Almannatryggingar	8
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	1
Barnavernd	1
Félagsþjónusta og húsnæðismál	4
Fæðingar- og foreldraorlof	0
Greiðsluáðlögun	0
Samtals	14

Afgreiðsla mála árið 2019

Málum lokið án aðgerða	3
Málum lauk eftir ábendingar umboðsmanns	1
Úrskurðarnefndin tók mál upp í kjölfar álits umboðsmanns	2


Afgreiðsla mála sem bárust árið 2018 en lauk árið 2019

Máli lokið án frekari aðgerða	1
Máli lauk án aðgerða en með ábendingu til ráðherra og Tryggingastofnunar	1
Máli lauk með ábendingu umboðsmanns til nefndarinnar	1

c) Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar




1. Afgreiðsla heildarfjölda mála

Úrskurðarnefnd velferðarmála afgreiddi samtals 486 mál á árinu 2019 með eftirfarandi hætti.




2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum

Eftirfarandi kökurit sýna niðurstöðu úrskurða árið 2019 eftir stjórnvaldi þegar úrskurðarnefndin hefur tekið afstöðu til ágreinings:




Íbúðalánasjóður




■ Staðfest ■ Felld úr gildi

Vinnumálastofnun



■ Staðfest ■ Felld úr gildi

Reykjavíkurborg



■ Staðfest ■ Felld úr gildi ■ Annað

Önnur sveitarfélög



■ Staðfest ■ Felld úr gildi

Umboðsmaður skuldara



■ Staðfest